

# Menningarsjóður Akureyrarbæjar

-

## Úthlutunar- og vinnureglur

Bæjarráð Akureyrarbæjar sem jafnframt er sjóðsstjórn endurskoðar og fer yfir úthlutunar- og vinnureglur þessar að lágmarki á tveggja ára fresti.

### 1. gr.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Menningarsjóði í nóvembermánuði ár hvert og er umsóknarfresturinn að lágmarki þrjár vikur. Heimilt er að auglýsa aukaúthlutun ef fjárheimildir leyfa. Fjárhæð þeirra styrkja sem í boði eru fara eftir heimildum Menningarsjóðs í fjárhagsáætlun hverju sinni og hve hátt hlutfall þeirra er bundið samstarfssamningum. Í styrkumsóknum skal þess getið hvernig verkefnið tengist menningarlífi í sveitarfélaginu Akureyrarbæ.

### 2. gr.

Upphæðir samstarfssamninga geta verið á bilinu 100.000 - 600.000 kr. og upphæðir verkefnastyrkja á bilinu 80.000 - 400.000 kr.

### 3. gr.

Forstöðumaður atvinnu- og menningarmála og verkefnastjóri menningarmála geta í sameiningu afgreitt styrki allt að kr. 100.000. Um er að ræða annars vegar verkefnastyrki sem metnir eru út frá mælikvörðunum sem fram koma í 6. grein og ferðastyrki til listamanna til að fremja eða sýna list sína. Ferðastyrkur v/ listviðburðar innanlands nemi 25 þús. og styrkur vegna ferðar til útlanda nemi 50 þús. Hver listamaður getur einungis fengið einn tilfallandi styrk skv. 3. gr. á ári. Forstöðumaður gerir stjórn ársfjórðungslega grein fyrir þeim styrkjum sem afgreiddir hafa verið.

### 4. gr.

Menningarsjóður Akureyrarbæjar styður ekki við hefðbundin stofn- og rekstrarkostnað, útgáfu, kaup á munum og skráningu gagna. Menningarsjóður styrkir ekki aðrar stofnanir Akureyrarbæjar eða stofnanir og fyrirtæki sem njóta fyrir verulegra styrkja til reksturs frá Akureyrarbæ.

## 5. gr.

Styrkþegum ber að skila lokaskýrslu um árangur verkefnis en þeim skal ljúka sama ár og styrkveiting fer fram. Ef reikningur berst ekki á framkvæmdaári telst styrkurinn afþakkaður.

## 6. gr.

Við mat á umsóknum skulu Menningarstefna Akureyrarbæjar og reglur Akureyrarbæjar um styrki vera höfð til hliðsjónar.

Jafnframt er mælt með eftirtöldum mælikvörðum við mat á forgangsöröðun umsókna:

- a. Hefur verkefnið listrænt og menningarlegt gildi fyrir samfélagið?
- b. Felur verkefnið í sér frumsköpun og veitir frumflutningi brautargengi?
- c. Hefur verkefnið sérstöðu?
- d. Áherslur bæjarráðs hverju sinni.
- e. Hefur verkefnið endurnýjun eða nýliðun styrkþega að leiðarljósi?
- f. Leiðir verkefnið til aukinnar mannréttinda- og umhverfisvitundar?
- g. Fagleg hæfni umsækjanda og fyrri reynsla.
- h. Tenging verkefnis við menningarlíf í sveitarfélaginu Akureyrarbæ.
- i. Gæði, vinnsla og framsetning umsóknar.
- j. Er sýnileiki Akureyrarbæjar tilgreindur í umsókninni?

*Samþykkt í bæjarráði Akureyrarbæjar 20. október 2022*